

Umhverfi Evrópu

Fjórða úttekt
Yfirlit yfir helstu atriði





Lönd sem flokkuð eru saman í skýrslunni

Vestur- og Mið-Evrópa (VME)

- 25 Aðildarríki Evrópusambandsins (ESB-25)
- Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA)
- Andorra, Mónakó, San Marínó

Suðaustur-Evrópa (SAE)

- Vestur-Balkanlönd
- Búlgaría og Rúmenía
- Tyrkland

Austur-Evrópa, Kákasus og Mið-Asía (AEKMA)

- Austur-Evrópa
- Mið-Asía
- Kákasus
- Fyrir utan skýrsluvæðið

Umhverfi Evrópu

Fjórða úttekt
Yfirlit yfir helstu atriði

Frá Kíev til Belgrad

Nú taka alls 56 lönd í þremur heimsálfum þátt í verkefninu „Umhverfi fyrir Evrópu“ og glíma þar með við ögrandi verkefni á sviði umhverfismála. Umhverfisstofnun Evrópu styður við þetta verkefni með því að gera úttektir á umhverfi í Evrópu allri og miðlar þannig nýjum, áreiðanlegum upplýsingum um gagnkvæm áhrif samfélags og umhverfis sem nýtast við stefnumörkun.

Fyrsta almenna úttektin á ástandi umhverfis Evrópu í heild var kynnt í Sófía árið 1995. Nýjar úttektir voru kynntar á ráðherrafundunum í Arhúsum árið 1998 og í Kíev árið 2003.


Þetta er fjórða skýrslan af þessari tegund. Í skýrslunni er árangur metinn, svo framarlega sem það er hægt, aðallega með tilliti til markmiða Sjöttu umhverfisáætlunar Evrópubandalagsins og umhverfisstefnu fyrir lönd í Austur-Evrópu, Kákasus og Mið-Asíu.

Þessi skýrsla var gerð í nánu samstarfi við mörg alþjóðleg samtök, stjórnarstofnanir og samtök, sem ekki heyra undir tiltekna ríkisstjórnir, á öllu svæðinu.

Þrátt fyrir eftirtektarverðan árangur við að koma á umhverfisstefnu og stuðla að sjálfbærri þróun í allri-Evrópu, er ennþá til staðar „framkvæmdaleysi“ hvað varðar notkun samþættrar stefnu.

Vel heppnuð framkvæmd er háð því að sett séu skýr og raunhæf markmið og til staðar séu aðferðir til að meta framfarir.

Samhengi fjórðu úttektar



Heimild: Byggt á skýringarmynd 1.5 í fjórðu úttekt.

Upplýsingar um umhverfismál á svæðinu eru ennþá mismunandi að gæðum, þar sem aðgengi að gögnum og áreiðanleiki þeirra eru mjög mismunandi. Þörf er á frekari úrbótum við að gera mikilvæg gögn og upplýsingar ekki einungis aðgengileg, heldur einnig sambærileg og áreiðanleg.

Félags- og efnahagsleg þróun

Evrópa í heild er mjög fjölbreytt hvað varðar menningu og umhverfi. Meira en 870 milljónir manna búa á svæðinu; meira en helmingur þeirra í Vestur- og Mið-Evrópu (VME), sem gerir Evrópusambandið (ESB) að einu fjölbýlasta svæði í heiminum með meira en 100 íbúa á hvern ferkílómetra. Þetta er mjög ólíkt hinum tiltölulega strjálbýlu löndum Austur-Evrópu og Mið-Asíu, þar sem meðalíbúafjöldinn er talsvert undir 20 íbúum á hvern ferkílómetra.


Efnahagslegar framfarir á síðustu árum hafa leitt til aukningar á þjóðarteknum í nær öllum löndum Evrópu. Efnahagslegur vöxtur hefur verið sérstaklega mikill í Suðaustur-Evrópu (SAE) og löndum í Austur-Evrópu, Kákasus og Mið-Asíu (AEKMA).

Undirsvæði Evrópu: megin félags-og efnahagslegir vísar fyrir árið 2005

	Land (1 000 km ²)	Íbúafjöldi (milljón)	Tekjur (veg landsframleiðsla á mann, í bandaríkjadollurum)
Vestur- og Mið-Evrópa (VME)			
ESB-15	3 243	385	22 337
ESB-10	729	74	5 594
EFTA og önnur lönd í VME	468	12	36 550
Austur-Evrópa, Kákasus og Mið-Asía (AEKMA)			
Austur-Evrópa	17 943	204	2 034
Kákasus	186	16	1 112
Mið-Asía	4 003	58	955
Suðaustur-Evrópa (SAE)			
Vestur Balkanlönd	264	22	2 236
Önnur lönd í SAE	1 132	102	3 052

Heimild: Byggt á töflu 1.2 í fjórðu úttekt.

Viðskipti á milli VME/SAE og AEKMA árið 2005 (milljarðir bandaríkjadollara)



Heimild: Kort 6.1 í fjórðu úttekt.

Í auknum mæli er efnahagur landa í AEKMA farinn að treysta á þjónustugreinar í staðinn fyrir framleiðslu landbúnaðarvara. Löndin í AEKMA eru hins vegar ennþá frekar háð steinefnavinnslu og landbúnaði, sem oft leiðir til mikils umhverfisálags og mikils magns af úrgangi.

Fjöldi sjálfstæðra ríkja á svæðinu hefur aukist úr 33 árið 1990 í 53 árið 2007, og á því tímabili fjölgaði aðildarríkjum ESB úr 15 í 27.

Umhverfi og heilsa: Loftgæði

Loftmengun, aðallega vegna fínna agna og ósóns við jörðu, er ennþá mjög hættuleg heilsunni: hún minnkar meðallíflíkur í VME um næstum eitt ár og hefur áhrif á eðlilegan þroska barna.

Flest loftmengandi efni hafa aukist í löndum í AEKMA um meira en 10 % vegna efnahagslegra framfara, aukinna samgangna, og skorts á framkvæmd stefnu er varðar loftmengunarvarnir.

Í löndum AEKMA koma ófullnægjandi gögn í veg fyrir gerð ítarlegrar úttektar á loftgæðum og afleiðingum þeirra. Hin takmörkuðu gögn, sem eru til staðar, gefa hins vegar til kynna að aðalhættan fyrir heilsu í löndum í AEKMA og SAE, stafi, eins og í löndum í VME, af fínnum ögnum og eitruðum hlutum þeirra.

Prósentubreyting á losun (2000–2004)

Mengandi efni	VME	SAE	AEKMA
Köfnunarefnis-oxíð (NO _x)	- 8.7 %	+ 5.7 %	+ 13.1 %
Brennisteins-díoxíð (SO ₂)	- 19.6 %	+ 1.5 %	- 10.3 %
Rokgjörn lífræn efni (RLE)	- 13.6 %	- 12.3 %	+ 11.2 %
Ammoníak (NH ₃)	- 2.6 %	- 5.7 %	- 14.4 %
Forstig ósóns	- 11.3 %	- 2.1 %	+ 11.5 %
Litlar agnir (PM ₁₀)	- 9.7 %	+ 2.2 %	+ 12.6 %


Heimild: Tafla 2.2.1 í fjórðu úttekt.

Umhverfi og heilsa: Ferskvatn

Meira en 100 milljónir manna í allri Evrópu hafa ekki ennþá aðgang að öruggu drykkjarvatni og fullnægjandi hreinlætisaðstöðu. Í löndum í AEKMA og SAE hafa vatnsveitukerfi og sorphreinsun stöðugt versnað síðastliðin 15 ár, og hafa íbúar í sveitum orðið verst úti hvað þetta varðar.

Þriðjungur íbúa í Evrópu býr í löndum þar sem talsvert álag er á vatnsauðlindum. Mikið tap vatns vegna leka í vatnsveitukerfum, slæm stjórnun og viðhald áveitukerfa og ósjálfbær uppskerumynstur auka á slæm áhrif þurrka og vatnsskorts.

Vatnasvæði áa sem hafa orðið fyrir áhrifum af völdum flóða (1998–2005)



Heimild: Kort 2.3.1 í fjórðu úttekt.


Umhverfi og heilsa: Jarðvegur

Síðan ráðstefnan í Kíev var haldin hefur árangur náðst bæði hvað varðar stefnumótun og aðgengi upplýsinga. Enn er hins vegar ekki hægt að sjá breytingu til batnaðar á ástandi jarðvegssauðlinda.

Þegar litið er til margbreytileika þeirra áhættu sem fyrir hendi er, sérstaklega loftlagsbreytinga, sést að þörf er á betri gögnum sem styðja við aðgerðir til jarðvegsverndunar.

Ef lönd og svæði, sem hafa svipuð jarðvegsskilyrði, deila með sér gagnlegum verklagsupplýsingum gæti það minnkað kostnað við aðgerðir til umbóta vegna margskonar áhættu fyrir jarðveg, og myndað jafnframt mikilvægan grunn fyrir samstarf.

Yfirlit yfir atvinnustarfsemi sem veldur jarðvegsmengun í sumum löndum í VME og SAE (% af stöðum sem voru rannsakaðir)



Heimild: Skýringarmynd 2.4.2 í fjórðu úttekt.

Umhverfi og heilsa: Hættuleg efni

Efnaiðnaður hefur aukist alls staðar í heiminum. Í Evrópusambandinu hefur framleiðsla skaðlegra efna aukist næstum því jafnmikið og heildarefnaframleiðsla, og báðar hafa aukist meira en verg landsframleiðsla.

Alþjóðavæðing leiðir til að umhverfisvandinn færirst til þróunarlanda og hættuleg efni eru svo flutt aftur inn í önnur lönd með mengun sem nær yfir landamæri og menguðum vörum.

Nýlega hafa nýjar stefnur og ný lög varðandi meðhöndlun efna verið samþykkt, bæði í Evrópu og annars staðar í heiminum. Í ESB eru þetta meðal annars lög um skráningu, mat og samþykki efna sem gengu í gildi árið 2007. Annars staðar í heiminum voru árið 2006 samþykktar aðferðir til að stjórna efnum á alþjóðavísu.

Að auki var samþykkt alþjóðlegt samræmt kerfi um flokkun og merkingar og Stokkhólmsamningurinn um þrávirk lífræn efni sem og Rotterdamsamningurinn um fyrirfram samþykkt leyfi tóku gildi.


Loftlagsbreytingar

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur aukist á síðustu árum í flestum löndum Evrópu og er talin munu halda áfram að aukast í framtíðinni. Mörg evrópsk lönd hafa gert áætlanir til að minnka losunina, en nokkur þeirra munu samt eiga í erfiðleikum að ná markmiðum Kýótó-bókunarinnar.

Kýótó-bókunin, innan rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar, og fyrsta skuldbindingartímabil hennar er einungis fyrsta skrefið í því að takast á við loftlagsbreytingar.


Losun á alþjóðavísu verður að minnka um allt að 50 % fyrir árið 2050 til að takmarka hitastigsaukningu við að hámarki 2 °C fyrir ofan það hitastig sem var áður en iðnaður hófst, sem er það markmið sem ESB telur nauðsynlegt til að forðast óásættanlegar loftlagsbreytingar í framtíðinni.

Þróun í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda




Heimild: Skýringarmynd 3.4 í fjórðu úttekt.

Áætlaðar breytingar á árlegri losun mengandi efna í ár í Evrópu árið 2070 í samburði við árið 2000



Byggt á gögnum frá tveimur mismunandi loflagslíkönum:
ECHAM4 (til vinstri) og HadCM3 (til hægri)

Minnkun Smávægilegar breytingar Aukning



Fyrir utan skýrslu-svæðið

Heimild: Kort 3.3 í fjórðu úttekt.

Talið er að óhjákvæmilegar loftlagsbreytingar muni hafa áhrif á flest svið efnahags og flestar náttúrulegar auðlindir — jafnvel þó að um öflugar varnaráætlanir sé að ræða. Því er einnig mikilvægt að taka tillit til þessara áhrifa þegar stefnur og aðgerðir eru þróaðar og þeim hrint í framkvæmd á öllum sviðum samfélagsins.


Líffræðilegur fjölbreytileiki

Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika og glötun vistkerfa og gagnsemi þeirra er ennþá mikið vandamál í allri Evrópu. Að auki heldur fjöldi ágengra framandi tegunda á svæðinu áfram að aukast.


Yfirmarkmiði Kíev-samþykktarinnar um að stöðva minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu fyrir árið 2010 verður ekki náð án umtalsverðar viðbótarvinnu og aðgerða. Hins vegar er verið að hrinda í framkvæmd áætlunum varðandi miðlun, menntun og vitundarvakningu almennings samkvæmt Kíev-samþykktinni.

Töluverður árangur hefur náðst í að mynda vistfræðileg netkerfi: Samevrópska vistfræðilega netkerfið og Natura 2000 netkerfið eru að taka á sig mynd, en ennþá eru þó ófullnægjandi upplýsingar til staðar varðandi verndun.


Árangur við að þróa aðferðir innan hvers lands til að sporna gegn ágengum tegundum



VME (n = 32)



SAE (n = 8)




AEKMA (n = 12)

- Þróaðar hafa verið aðferðir fyrir viðkomandi land til að sporna gegn ágengum framandi tegundum eða vinna við að þróa slíkar aðferðir hefur verið hafin
- Tekið er sérstakt tillit til ágengra framandi tegunda í landsáætlun varðandi líffræðilegan fjölbreytileika og hefur áætlunin verið kynnt á ráðstefnu um líffræðilegan fjölbreytileika
- Engar aðferðir til staðar í landinu til að sporna gegn ágengum framandi tegundum
- Engar upplýsingar

Heimild: Skýringarmynd 4.12 í fjórðu úttekt.

Umfang ólöglegs skógarhöggs í völdum löndum (2000–2004)



Heimild: Kort 4.5 í fjórðu úttekt.


Á sviði skógræktar og landbúnaðar er í auknum mæli tekið tillit til umhverfismála. Samt sem áður hefur landbúnaður talsverð neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Því tiltekna stefnumarkmiði að tilgreina allt ræktað land, sem hefur „mikið náttúrugildi“, fyrir árið 2006 hefur ekki verið náð.

Sjávar-og strandumhverfi

Ofauðgun er ennþá vandamál í öllum innhöfum og á vernduðum hafsvæðum í allri Evrópu. Minnkun á næringu frá óstaðbundnum upptökum, sérstaklega frá landbúnaði, er ennþá mikið vandamál og þörf er á auknum aðgerðum.


Ofveiði er ennþá mjög útbreidd í öllum höfum Evrópu. Nauðsynlegt er að stefnur séu endurbættar og að farið sé betur eftir lögum til þess að fiskistofnar geti jafnað sig. Sérstaklega er mikilvægt að stöðva ólöglegar veiðar, en einnig að minnka áhrif útgerða á allt sjávarvistkerfið.

Landþekjubreyting innan 10 km breiðs strandsvæðis í 17 af 22 aðildarríkjum ESB sem liggja að sjó (1990–2000)



Heimild: Skýringarmynd 5.11 í fjórðu úttekt.

Lekar, sem eiga sér stað fyrir slysi, úr olíutankskipum á evrópskum hafsvæðum



Heimild: Skýringarmynd 5.8 í fjórðu úttekt.

Loflagsbreytingar eru líklegar til að hafa áhrif á sjó og strandir, þ.m.t. sjávarlífverur. Stefnur varðandi aðlögun eiga að ná yfir aðgerðir til að minnka annað álag, sem ekki er tengt loftlagsbreytingum, til þess að auka þol sjávarvistkerfa og strandsvæða gegn loftlagsbreytingum.

Aðgerðir samkvæmt samningum einstakra landa um hafsvæði og samkvæmt stefnu ESB hafa bætt vatnsgæði á vestrænum hafsvæðum, t.d. með tilliti til ýmissa hættulegra efna. Stefnur, sem miðast við að bæta hið almennt slæma ástand sjávar- og strandumhverfis Evrópu, eiga að taka tillit til vistkerfa.

Sjálfbær neysla og framleiðsla

Hugmyndin um sjálfbæra neyslu og framleiðslu hefur orðið meira áberandi við stefnumótun síðan Kíev-ráðstefnan var haldin. Fáar raunverulegar niðurstöður hafa hins vegar litið dagsins ljós og framkvæmdaáætlanir og tæki til að meta umhverfisáhrif þurfa að vera til staðar.

Magn auðlindanotkunar á hvern íbúa hefur verið stöðugt á öllum svæðum á síðustu árum, og að nokkru leyti hefur því marki verið náð að minnka tengslin á milli auðlindanotkunar og efnahagslegs vaxtar. Hagkvæmni í nýtingu auðlinda er mjög breytileg eftir löndum, og er mörgum sinnum meiri í ESB-15 löndum heldur en í ESB-10 löndum og löndum í SAE, og er allt að tuttugu sinnum meiri en í löndum í AEKMA.


Neyslumynstur eru sífellt að breytast vegna félagslegra og efnahagslegra breytinga. Þeir neysluflokkar sem hafa mest umhverfisáhrif vegna framleiðsluferlis vara eru mat- og drykkjarvörur, einkasamgöngur, og húsnæði. Í ESB er þróun í þá átt að ferðamannaíðnaður og flugsamgöngur verði meðal aðalatriða sem hafa áhrif í framtíðinni.

Í allri Evrópu er framleiddur sífellt meiri úrgangur. Urðun sorps, sem er með tilliti til umhverfisverndar óæskilegasti kosturinn, er ennþá algengasta aðferðin við að meðhöndla úrgang í allri Evrópu. Aðildarríki ESB hafa náð þó nokkrum árangri við að takmarka þann hluta af úrgangi frá bæjarfélögum sem er urðaður.

Mörg lönd í AEKMA og SAE hafa þróað stefnu og sett lög varðandi meðhöndlun úrgangs, en enn á eftir að hrinda þeim að fullu í framkvæmd.

Úrgangi frá bæjarfélögum sem er safnað

Kg á mann



Heimild: Skýringarmynd 6.20 í fjórðu úttekt.

Viðeigandi úrgangssöfnun og örugg urðun halda áfram að vera verkefni sem finna þarf lausn á. Í nokkrum löndum í AEKMA er enn stærra verkefni að tryggja umhverfislegt öryggi og hreinsun á svæðum með hættulegum úrgangi sem hefur orðið til í liðinni tíð.

Svið: Landbúnaður


Nútímaleg þaulræktun hefur oft neikvæð áhrif á umhverfið vegna álags og mengunar á lofti, vatni og jarðvegi. Á hinn bóginn gegnir landbúnaður mikilvægu hlutverki við að varðveita landslag og stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika í Evrópu.

Landsvæði með áveituvatni í löndum sunnan til í ESB-15 og í löndum í SAE hefur aukist, sem sýnir áframhaldandi þróun hvað varðar aukningu á þaulræktun. Áveita vatns hefur oft haft í för með sér minnkun á vatnsbirgðum og gæðum þeirra, minnkun á seltumagni og aukningu á niðurbroti lands — sérstaklega í löndum sunnan og austan til í AEKMA.

Flest lönd í SAE og AEKMA munu þurfa á áframhaldandi alþjóðlegum stuðningi að halda við að ná fram betri umhverfisstjórnun á sviði landbúnaðar.

Gróðuráburður notaður á hvern hektara af jarðyrkjulandi

Meðalnotkun gróðuráburðar (kg/hektari)



Heimild: Skýringarmynd 7.1.1 í fjórðu úttekt.


Svið: Ferðapjónusta

Sífelld fleiri erlendir ferðamenn koma til Evrópu. Ferðapjónusta er ein af aðalorsökum fyrir aukinni eftirspurn eftir þeirri tegund samgangna sem eru skaðlegastar fyrir umhverfið: einkabílum og, sem mikilvægara er, flugsamgöngum.

Strendur, eyjar og fjöll eru sérstaklega í hættu með tilliti til aukningar á ferðapjónustu. Niðurbrot, stundum varanlegt, hefur þegar átt sér stað á nokkrum mjög vinsælum áfangastöðum ferðamanna.

Áætlað er að áhrif vegna ferðapjónustu muni aukast vegna aukinnar auðlegðar og breytinga á lífstíl sem og vegna lýðfræðilegra breytinga. Hegðun ferðamanna heldur áfram að vera úrslitaatriði varðandi sjálfbærni á sviðinu.

Komur erlendra ferðamanna og prósentubreyting



Heimild: Skýringarmynd 7.4.2 í fjórðu úttekt.


Svið: Samgöngur og flutningar

Orkuneysla og losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna og flutninga í löndum í SAE og VME hafa aukist hratt samfara almennri aukningu á samgöngum og flutningum. Orkuneysla vegna samgangna og flutninga og losun á CO₂, sem hlýst þar af, á hvern íbúa í löndum í VME halda áfram að vera tvisvar til fjórum sinnum hærra en í löndum í SAE og AEKMA.

Þróun á samkeppnishæfum lausnum varðandi borgarsamgöngur er leið til að stemma stigu við umferðarteppu og versandi loftgæðum sem og leið til að bæta umferðaröryggi. Til þess að almenningssamgöngur geti verið samkeppnishæfar, er nauðsynlegt að skipuleggja og þróa borgir með almenningssamgöngur í huga.

Bílaeign í Evrópu

Bílar/1 000 manns




Heimild: Skýringarmynd 7.2.5 í fjórðu úttekt.

Svið: Orka

Orkuneysla og losun gróðurhúsalofttegunda, sem henni fylgir, hafa verið að aukast í allri Evrópu síðan Kíev-ráðstefnan var haldin, þrátt fyrir úrbætur varðandi hagkvæma nýtingu orku og aukna notkun á endurnýjanlegri orku á sumum sviðum. Búist er við að þessi þróun haldi áfram ef engar viðbótarstefnur og aðgerðir koma til framkvæmda.

Náið samband er á milli orkumarkaða á hinum þremur undirsvæðum Evrópu. Stór hluti af innflutningi á jarðgasi og olíu til landa í VME og SAE er frá löndum í AEKMA og talið er að þessi hluti muni aukast verulega fram að árinu 2030.

Heildarorkuneysla eftir eldsneytisauðlindum



Heimild: Skýringarmynd 7.3.3 í fjórðu úttekt.

„Umhverfi fyrir Evrópu“ aðalatriði

1991

Fyrsti ráðherrafundurinn í Dobris

Undirritun: Samningur um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri (EIA Convention); bókun um rokgjörn lífræn efni í samningi um langt aðborna loftmengun sem berst yfir landamæri (CLRTAP)

Tekur gildi: NO_x-bókun í CLRTAP

1992

Undirritun: Samningur um vatn sem nær yfir landamæri (TWC); Samningur um áhrif af iðnaðarslysum sem ná yfir landamæri (C-TEIA)

1993

Annar ráðherrafundurinn í Lucerne

1994

Undirritun: Bókun um losun á brennisteini í CLRTAP

1995

Þriðji ráðherrafundurinn í Sófía

1996

Tekur gildi: Samningur um vatn sem nær yfir landamæri (TWC)

1997

Tekur gildi: Samningur um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri (EIA Convention); bókun um rokgjörn lífræn efni í CLRTAP

1998

Fjórdi ráðherrafundurinn í Árhúsum

Undirritun: Árhúsa-samningurinn (AC); Bókun um þrávirk lífræn efni í CLRTAP; Bókun um þunga málma í CLRTAP

Tekur gildi: Bókun um losun á brennisteini í CLRTAP

1999

Undirritun: Bókun um vatn og heilsu í TWC; bókun um óson á jörðu í CLRTAP

2000

Tekur gildi: Samningur um áhrif af iðnaðarslysum sem ná yfir landamæri (C-TEIA)

2001

Tekur gildi: Árósa-samningurinn (AC)

2002

2003

Fimmti ráðherrafundurinn í Kíev

Tekin upp AEKMA-stefna
Kíev-ályktun um líffræðilegan fjölbreytileika
undirrituð, en hefur ekki tekið gildi
(staða í júní 2007):
*Bókun hjá skráningu um losun og flutning á
mengunarvaldandi efnum í AC; bókun um borgaralega
ábyrgð í TWC; SEA bókun í EIA*

Undirritun: Samningur um umhverfisvernd
og sjálfbæra þróun í Karpatafjöllum
(Karpatafjallasamningurinn)

Tekur gildi: Bókun um þrávirk lífræn efni í CLRTAP;
Bókun um þunga málma í CLRTAP Heavy Metal Protocol
to CLRTAP

2004

2005

Tekur gildi: Bókun um vatn og heilsu í TWC; bókun um
óson við jörðu í CLRTAP

2006

Tekur gildi: Karpatafjallasamningurinn

2007

Sjötti ráðherrafundurinn í Belgrad

2008

2009

2010

2011

Sjöundi ráðherrafundurinn í Astana

Lönd sem taka þátt í „Umhverfi fyrir Evrópu“ ferlinu

Albanía	Liechtenstein
Andorra	Litháen
Armenía	Lúxemborg
Aserbaídsjan	Makedónía
Austurríki	Malta
Bandaríkin	Moldóva
Belgía	Mónakó
Bosnía og Hersegóvína	Noregur
Bretland	Portúgal
Búlgaría	Pólland
Danmörk	Rúmenía
Eistland	Sambandsríkið Rússland
Finnland	San Marínó
Frakkland	Serbía
Georgía	Slóvakía
Grikkland	Slóvenía
Holland	Spánn
Hvíta-Rússland	Svartfjallaland
Írland	Sviss
Ísland	Svíþjóð
Ísrael	Tadsjikistan
Ítalía	Tékkland
Kanada	Túrkménistan
Kasakstan	Tyrkland
Kirgisistan	Ungverjaland
Krótía	Úkraína
Kýpur	Úsbekistan
Lettland	Þýskaland



Umhverfi Evrópu

Dobris-úttekt

Sófia, 1995



Umhverfi Evrópu

Önnur úttekt

Árhús, 1998



Umhverfi Evrópu

Þriðja úttekt

Kíev, 2003



Umhverfi Evrópu

Fjórða úttekt

Belgrad, 2007

Til þess að nálgast frekari upplýsingar og þessar skýrslur, farið á vefsíðuna: www.eea.europa.eu/pan-european

Umhverfisstofnun Evrópu
Kongens Nytorv 6
1050 Copenhagen K, Denmark
Sími: +45 33 36 71 00
Fax: +45 33 36 71 99
Veffang: eea.europa.eu
Fyrirspurnir: eea.europa.eu/enquiries

